

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 1664/2024 um skyldu rekstraraðila stafrænna vettvanga til skýrslugjafar vegna leigu fasteigna og lausafjár og sölu á vörum og þjónustu.

1. gr.

14. tölul. 2. gr. orðast svo:

Seljandi sem gefa skal skýrslu um: Hver sá virki seljandi, annar en undanþeginn seljandi, sem er heimilisfastur í ríki sem er aðili að gildandi skilyrtu samkomulagi milli lögbærra yfirvalda eða hefur með höndum starfsemi við útleigu fasteigna sem staðsettar eru í ríki á Evrópska efnahagssvæðinu.

2. gr.

Í stað „31. janúar“ í 1. mgr. 17. gr, 1. mgr. 18. gr., 1. mgr. 19. gr. og 1. mgr. 21. gr. kemur: 20. janúar.

3. gr.

Við 21. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Skilaskyldur rekstraraðili vettvangs skal gera ríkisskattstjóra grein fyrir því sérstaklega eigi síðar en 20. janúar á því ári sem næst fer á eftir því almanaksári sem viðskipti áttu sér stað á vettvanginum, ef um engar tilkynningaskyldar upplýsingar er að ræða.

4. gr.

Fyrirsögnin í 24. gr. verður svohljóðandi: Reglur um afnám krafna um söfnun og eftirlit skv. III. kafla“ svo: Reglur um framfylgni krafna um gagnasöfnun skv. III. kafla

5. gr.

Í 5. mgr. 26. gr. fellur brott orðið „skýrslu“

6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 4. og 9. mgr. 92. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, öðlast þegar gildi.

f.h. ráðherra